Landskerfi bókasafna

# Gegnir - Árslokatölfræði fyrir 2009

Mikillar eftirvæntingar hefur gætt hjá Landskerfi bókasafna um niðurstöður árslokatölfræði Gegnis árið 2009. Áhugaverast var að kanna hvort efnahagskreppan hafi haft áhrif á fjölda útlána, fjölda lánþega og aðrar mælanlegar stærðir í Gegni. Þegar litið er á tölur fyrir Gegni í heild er ljóst að stöðug aukning er á milli ára. Að neðan má sjá heildartölur fyrir árin 2006 - 2009 fyrir útlán, lánþega, eintök og titla ásamt aukningu í prósentum á milli ára.

| Ár | Útlán | Aukning milli ára | Lánþegar | Aukning milli ára | Eintök | Aukning milli ára | Titlar | Aukning milli ára |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | 2.803.687 | | 150.965 | | 3.969.925 | | 827.034 | |
| **2007** | 3.004.612 | 7,1% | 159.372 | 5,6% | 4.082.247 | 2,8% | 866.896 | 4.8% |
| **2008** | 3.367.516 | 12,0% | 168.029 | 5,0% | 4.376.850 | 7,2% | 910.886 | 5.1% |
| **2009** | 3.720.883 | 10,4% | 179.930 | 7,1% | 4.646.587 | 6,2% | 947.823 | 4.0% |

Greinilegt er að mikil aukning er í útlánum og fjölda lánþega á milli áranna 2008 og 2009. Erfiðara er að túlka tölur um aukningu á fjölda eintaka og titla þar sem þessar tölur hækka alltaf á milli ára. Þó er ljóst að skráðum titlum hefur fækkað töluvert á milli ára.

Árslokatölfræði 2009 er aðgengileg á þjónustuvef Landskerfis bókasafna, http://www.landskerfi.is/sofn/sja_skyrslur2009.php